

Nd.

85. Frumvarp til laga

[73. mál]

um sölu kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi.

Flm.: Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Hreppsnefnd Miklaholtshrepps er heimilt að selja ábúanda kristfjárjörðina Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi fyrir það verð, er um semst eða metið verður af dómkvöddum mönnum, enda verði andvirði jarðarinnar varið í samræmi við ákvæði gjafabréfs fyrir henni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í bréfi oddvita Miklaholtshrepps, sem ég birti sem fylgiskjal með frumvarpi þessu, eru færð rök fyrir nauðsyn þess, að hreppsnefnd Miklaholtshrepps fái leyfi eða samþykki Alþingis til sölu jarðarinnar Litlu-Þúfu — og að vextir af söluandvirðinu megi renna til styrktar fátækum í nefndu hreppsfélagi.

Einnig fylgir endurrit úr afsals- og veðskuldabók Snæfellsnes- og Hnappadals-sýslu, um yfirlýsingu gefanda jarðarinnar, Gísla Árnasonar bónda á Litlu-Þúfu, dags. 21. júní 1880.

Fylgiskjal I.

Stakkhamri, 3. október 1966.

Hr. alþingismaður

Sigurður Ágústsson, Stykkishólmi.

Fyrir hönd hreppsnefndar Miklaholtshrepps fer ég þess á leit við þig, hr. alþingismaður, að þú flytjir á næsta Alþingi tillögu um, að hreppsnefnd Miklaholtshrepps verði leyft að selja kristfjárjörðina Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi ábúandanum Ingvaldi Jóhannsdóttur.

Tildrög málsins eru þau, að ábúandinn fór fram á það við hreppsnefndina, að hreppurinn legði fram fé til umbóta á jörðinni, eða seldi sér hana að öðrum kosti.

Hreppsnefndin vill ekki að svo stöddu leggja fram fé til umbóta á jörðinni, meira en gert hefur verið, þar sem eigna- og umráðaréttur hans á jörðinni virðist, samkvæmt gjafabréfi, vera nokkuð takmarkaður, en mundi hins vegar fúslega samþykkja sölu hennar til ábúanda, ef leyfi hins háa Alþingis lægi fyrir.

Forsenda fyrir gjöf jarðarinnar var í upphafi sú, að tekjur af henni skyldu renna til styrktar fátækum í hreppnum. Sú forsenda er nú í rauninni fallin burtu með aukinni samhjálp hins opinbera í því efni, enda mjög lítilfjörlegar tekjur eftir jörðina að hafa eins og er, og þá einnig óvíst, hvernig fara mundi, ef hreppurinn færi að leggja fé í kostnað við byggingar o. fl., sem ábúandinn kynni að óska eftir.

Hins vegar hefur hreppsnefndin ákveðið, ef leyfi fengist til sölu jarðarinnar og hún yrði seld ábúanda, að söluverð hennar skuli renna til menningarmála og þá með því að láta það ganga til hins nýja barna- og unglingskóla í Laugargerði.

Með vinsemd og virðingu.

Oddviti Miklaholtshrepps.

Alex. Guðbjartsson.

## Fylgiskjal II.

Endurrit úr afsals- og veðskuldabók Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

### Nr. 16.

Af því að algóðum guði hefr þóknast að taka af mér að nokkru leyti sjónina, og nú á seinasta ári að mestu leyti ferlivist, svo að ég ekki get mér þrautalaust að kalla stundu lengr á fótum verið, og því ekki í neinu verulegu gengið um mitt eða eptir því litið inni né úti, og því síður af sjálfsburðum án annarra hjálpar og liðveizlu farið frá heimili mínu mér til lífsbjargarfanga, aðdráttu eða útréttinga, en á engan einstakan mann að, nær eða fjær, eins og heldr ekki neinn lífsferfingja, sem mér án mikils kostnaðar og fémissis gæti eða vildi takast í fang eða á hendur að sjá um mig og fjármuni mína, meðan ég lifi, þá hefi ég nú fyrir skemmstu ráðfært mig við góða menn, hreppsþúa mína, og fundið mér í vaxanda hruma og elli minni umsvifaminnst, hægast og hollast, að gjöra við hreppsnefndina í Miklaholtshreppi, hvar ég nú seinast hefi unnið mér framfærsluhrepp, eftirskrifaðan

### Samning og skilmála

að eg hérmeð upp frá þessum degi afhendi henni allar eigur mínar kvikar og dauðar, fastar og lausar, hverju nafni sem nefnast, til allrar reiðilegrar umsjónar, umhirðingar og umráða, þó ekki sem fulla eign, heldur svo sem væru þær fullkomin eign Miklaholtshrepps, móti því hins vegar, að hreppsnefndin í Miklaholtshrepp sameiginlega sjái mér fyrir allri nauðsynlegri forörgun, góðum verustað og góðri aðhlyningu, meðan líf mitt treunist, og þar að auki, þegar eg hefi skilið hér við tímanlega, einnig þá gjöri standi mínu sáemandi útför og greptrun mína. Þær eigur mínar sem afgangss þessu þá kynnu eptir mig að verða, hverju nafni sem nefnast, ánafna eg hérmeð og gef Miklaholtshreppi, sem hreppi þessum arðberandi kristfé þaðan í frá.

Samning þessum og skilmála óska eg að hreppsnefndin í Miklaholtshreppi láti þinglýsa á næstkomandi manntalsþingi.

Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi dag 21. júní 1880.

Gísli Árnason  
handsalað nafn.

Geir Bachmann (L.S.)

Sem viðstaddir vottar að gjörðum þessum  
Geir Bachmann (L.S.) (Áteiknun)  
Jón Skúlason (L.S.) oddviti hreppsnefndarinnar vegna.

Lesið á manntalsþingi að Fáskrúðarbakka þ. 29. júní 1880 og innfært í afsals- og veðskuldabók Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu Nr. 5.

Það vottast hér með  
Skrifstofu Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, 13. október 1880.  
Sigurður Jónsson.

Borgun: Þglestr: 0.75 au  
bókun: 0.25  
(Ein) 1 króna  
borgað  
Sigurður Jónsson

Rétt endurrit staðfestir

Jón Magnússon, ftr.

skrifstofu Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, 7. október 1966.